



Garðabær, nóvember 2023

**KEYTRUDA® (pembrolizumab)
25 mg/ml innrennslisþykkni, lausn**

Uppfært fræðsluefni

Ágæti heilbrigðisstarfsmaður

Meðfylgjandi er uppfært fræðsluefni varðandi KEYTRUDA. Fræðsluefnið er útbúið og því dreift til að uppfylla kröfur lyfjafirvalda, en markmiðið er að auka öryggi og tryggja rétta notkun lyfsins.

Markmiðið með sjúklingakortinu er að upplýsa sjúklinga um aukaverkanir sem geta tengst lyfinu og að hvetja til þess að sjúklingur láti lækinn vita um allar aukaverkanir.

Meðfylgjandi er uppfært fræðsluefni sem merkt er „Útg. 07_11/2023“:

- Sjúklingakort
Efnið er einnig aðgengilegt á www.serlyfjaskra.is undir KEYTRUDA.

Vinsamlegast fargið eldra efni (upplýsingabæklingi og öryggiskorti fyrir sjúkling), sem merkt er: Útg. 06_07/2021.

Mikilvægt er að læknafræðingur lesi samantekt á eiginleikum lyfsins (SmPC), sjá www.serlyfjaskra.is.

Helstu breytingar frá síðustu útgáfu:

- Ketónblóðsýringu af völdum sykursýki bætt við aukaverkanir ásamt upptalningu einkenna.
- Ónæmistengdar aukaverkanir breytt í ónæmismiðlaðar aukaverkanir
- „Öryggiskort fyrir sjúkling“ breytt í „Sjúklingakort“
- Bætt inn upplýsingum varðandi tilkynningar aukaverkana.
- Upplýsingabæklingur fyrir sjúklinga er ekki lengur hluti af fræðsluefninu.

Viðtakendur þessa fræðsluefnis eru: Allir krabbameinslæknar, allir blóðmeinafræðingar, öll sjúkrahúsapótek, deildir þar sem lyfjagjöf fer fram og heimahjúkrunarfyrirtæki. Viðtakendur eru hvattir til að láta aðra heilbrigðisstarfsmenn vita um fræðsluefnið eftir því sem við á.

Heilbrigðisstarfsmenn bera ábyrgð á því að afhenda sjúklingum sjúklingakortið, ásamt því að aðstoða þá við að skrá á kortið nauðsynlegar upplýsingar.

V-2023090409

Til að panta fleiri eintök af sjúklingakorti eða ef óskað er frekari upplýsinga varðandi innihald efnisins eða notkun þess, vinsamlegast hafðu samband við undirritaða.

Fræðsluefnið má einnig finna á www.serlyfjaskra.is, undir KEYTRUDA.

Virðingarfyllst,
f. h. MSD



Ragnhildur Reynisdóttir
Markaðsstjóri MSD í Vistor
ragnhildur@vistor.is
Sími: 535 7000

Heilbrigðisstarfsmenn eru hvattir til að tilkynna allar aukaverkanir sem grunur er um að tengist lyfinu til Lyfjastofnunar: <http://www.lyfjastofnun.is> eða í gegnum eyðublað (Tilkynning um aukaverkun) sem er að finna í Sögu.